

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1	<b>Áfangaheiti BÝX 102</b> <b>Ymis búnaður og kerfi</b> <b>Námsáætlun haust 2015</b>	

<b>Kennari</b>	Bragi Finnbogason	<b>Sk.st.</b>	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

#### Áfangalýsing:

Farið yfir öryggisbúnað, m.a. loftpúða og beltastrekkjara og þægindabúnað í ökutækjum sem jafnframt er staðalbúnaður. Búnaðurinn skoðaður í ökutækjum með tilvísun í upplýsingar framleiðenda. Nemendur velja sér búnað sem þeir gera sérstaka grein fyrir í verkefni. Kynning á rafbúnaði sem knýr ökutæki og vinnutæki (t.d. vörulyftara). Áhersla á snyrtilega umgengni um ökutæki sem eru til viðgerðar og hvaða afleiðingar yfirsjónir viðgerðamanna geta haft á þeirra eigin öryggi í vinnu við öryggisbúnað, akstursöryggi og viðgerðakostnað. Sérstök áhersla er lögð á hættur af umgengni við öryggis- og verndarbúnað með sprengihleðslu, s.s. púða í stýri, mælaborði og í hliðum farþegarýmis og öryggisbeltum. Farið er yfir virkni loftfrískunarkerfa (AC) og sérstaka mengunarhættu af kælimiðli þessara kerfa (reglugerð um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir).

#### Markmið:

Nemandi þekki. Kröfur um öryggisbúnað í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Hættur sem stafa af rangri umgengni um öryggisbúnað.

Nemandi geti:

Lýst virkni eftirtalins búnaðar: höggvörum, öryggisbeltum, loftpúðum, hljómflutningstækjum, barnastólum, samlæsingum, rafknúnum rúðuvindum, þjófafælum, rafhituðum rúðum og útispeglum, rafstilltum útispeglum, mælum og gaumljósum, mælaborðslýsingu, innilýsingu, ræsihindrun í sjálfskiptingu og öðrum ræsihindrunum. Skoðað og prófað öryggisbúnað. Gert við öryggisbúnað innan þeirra marka sem framleiðendur ætla almennum viðgerðamönnum.

#### Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

Reglugerð 834/2010.

#### Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um hin ýmsu öryggis og þægindakerfi nútíma ökutækja. Þeir vinna eitt heimaverkefni í lotunni auk þess að vinna verkleg verkefni og lokapróf verður þreytt. Skiladagur fyrir heimaverkefni er 14.09.2015. Hafi verkefni ekki borist fyrir klukkan 13.00 á skiladegi í hólf kennara í anderi VMA dregst 1. af einkunn verkefnisins fyrir hvern hafinn sólarhring.

Til að verkefniin gildi til lokaeinkunnar verða nemendur að ná að lágmarki 50% árangri á lokaprófi.

#### Verkefni:

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.

#### Námsmat og vægi námsþátta:


Bóklegr verkefni og Próf 40%. Verkleg verkefni með skýrslu 40%. Mat 20%.

#### Annað:

Einkunn fyrir liðinn mat byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig end á 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 17.09.2015

Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils